ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR **2021/EES/13/03**
nr. 125/2018

frá 6. júlí 2018

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/187 frá 6. febrúar 2018 um breytingu á II. viðauka við ákvörðun 2008/185/EB að því er varðar að samþykkja varnaráætlun um útrýmingu á Aujeszkys-veiki í héraðinu Emilia-Romagna á Ítalíu ([1]).

2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/193 frá 7. febrúar 2018 um leyfi fyrir rannsóknarstofur í Brasilíu og Rússneska sambandsríkinu til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði í hundum, köttum og frettum ([2]).

3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins kveðið er á um í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.

4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.

5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 84. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/185/EB):

„– **32018 D 0187**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/187 frá 6. febrúar 2018 (Stjtíð. ESB L 34, 8.2.2018, bls. 36).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 104. lið (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/223):

„105. **32018 D 0193**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/193 frá 7. febrúar 2018 um leyfi fyrir rannsóknarstofur í Brasilíu og Rússneska sambandsríkinu til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði í hundum, köttum og frettum (Stjtíð. ESB L 36, 9.2.2018, bls. 18).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

([1]) Stjtíð. ESB L 34, 8.2.2018, bls. 36.
([2]) Stjtíð. ESB L 36, 9.2.2018, bls. 18.

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2018/187 og (ESB) 2018/193, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.